



Borgarráð

Gufunes II - lóðarvilyrði

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Búseta húsnæðissamvinnufélagi, kt. 561184-0709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á allt að 30 íbúðum á nýju þróunarsvæði í Gufunesi, áfanga 2. Svæðið er allstórt nes austan lega í Reykjavík, milli Elliðaársvogs og Eiðsvíkur. Þar var til skamms tíma rekin áburðarverksmiðja, og þar var einnig stór sorphaugur sem var notaður í fyllingu út í sjó.

Lóðarvilyrði þetta verður bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að deiliskipulag um lóðina fái samþykkt fyrir lok árs 2024
2. Að umræddur fjöldi íbúða rúmist innan stakstæðra bygginga samkvæmt deiliskipulagi svæðisins.
3. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 20% íbúða sem byggðar verða.

Greinagerð:

Á síðustu árum hefur mikil uppbygging átt sér stað í Gufunesi. Með áframhaldandi þróun og stækkun á áfanga 2 er að myndast sveigjanleg og sjálfbær byggðarþróun með það að leiðarljósi að skapa forsendur fyrir fjölbreyttari og skapandi samfélag þar verður gott að búa, starfa, upplifa og njóta. Á svæðinu er blönduð byggð fyrir íbúðir, smávaxinn atvinnurekstur, skapandi iðnað, menningu o.fl. Deiliskipulagsvinnan er komin langt á leið.

Lóðarvilyrði þetta gerir ráð fyrir að Búseti fái byggingarrétt fyrir allt að 30 íbúðir. Gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir og almenn leigufélög skipti með sér hluta íbúðanna sem nánar verður ákveðið á um í úthlutunarbréfi um byggingarréttinn. Verð byggingarrétta fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatnagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara